



**Efni: Heimild til að hefja verkefni um sjálfvirknivæðingu upplýsingatækniinnviða**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja undirbúning á innkaupum og innleiðingu á kerfi, kerfum og/eða aðlögunum á núverandi kerfum svo betur sé stutt við sjálfvirknivæðingu upplýsingatækniinnviða.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2101, Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025, og tilheyrir verkefnaklasa 80021, Notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir. Verkbeiðnanúmer er 231859. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá apríl 2023 til mars 2025 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 135 m.kr., sem tilheyrir allur eignasjóði á framkvæmdatímanum. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum rekstrarkostnaði af afurð verkefnisins þar sem markmið verkefnisins er að innleiða og hagnýta að fullu virkni sem lausnir sem til staðar eru bjóða uppá.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



**Greinargerð:**

Útskuldun upplýsingatæknikostnaðar til starfsstaða skv. gjaldskrá upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkur er ógegnsett og mannaflafrekt verk. Bæði fyrir starfsstaði sem þurfa að vinna úr þungum excel skjölum sem erfitt er að skilja og fyrir starfsfólk upplýsingatækniþjónustunnar þar sem það er 8 mánaða vinna árlega fyrir eitt stöðugildi að útskulda kostnað.

Verkefnið snýr að því að leggja grunn að sjálfvirknivæðingu umsjón upplýsingatækniinnviða. Ætlunin er að sjálfvirknivæða venslaskráningu upplýsingatæknieigna (e. artifacts) sem útbýr og viðheldur með virkum hætti kerfisskrá (e. CMDB, configuration management database). Kerfisskráin verður stjórnendum borgarinnar sýnileg svo þeir hafi á hverjum tíma skýra sýn yfir hagnýtingu upplýsingatækni á sínum starfseiningum. Kerfisskráin verður að auki tengd gjaldskrá upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkur og Agresso og mun því vera hægt að útskulda upplýsingatæknikostnað sjálfvirk út frá notkun.

Þessi sjálfvirkni mun draga verulega úr handavinnu hjá starfsfólki upplýsingatækniþjónustunnar við að útbúa gjaldskrárskjöl, sinna innheimtu og leiðréttingum en einnig tryggja gegnsæi upplýsingatæknikostnaðar ásamt því að einfalda yfirferð og umsjón stjórnenda með útgjöldum starfseininga vegna upplýsingatækni.

Framtíðarsýnin er einnig að annar óbeinn kostnaður verði gerður sýnilegur með svipuðum hætti í sama kerfi. T.d. vegna niðurgreiðslu á farsímakostnaði og heimatengingum starfsmanna.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 135 m.kr.

Kostnaðarstaður: 2021 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025, og tilheyrir verkefnaklasa 80021, Notendabúnaður og upplýsingatækni innviðir. Verkbeiðnanúmer er 231859.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Kjartan Kjartansson,  
deildarstjóri stoð- og tækniþjónustu hjá upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkur